

**489. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 15. september 2015
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Berglind Eir Egilsdóttir varamaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) ritari.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir breytingu á dagskrá, að við bætist nýjir liðir, fundargerð Fjallskilanefndar, bréf vegna móttökuáætlana sveitarfélaga vegna innflytjenda og Tilnefning á Fjórðungsping Vestfjarða.

Dagskrá:

1. 1507002F - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 42

Fundargerðin staðfest samhljóða.

2. 1509006F - Fjallskilanefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar - 3

Fundargerðin staðfest og einnig fjallskilaseðill fyrir árið 2015, sveitarstjóra falið að auglýsa seðilinn og hafa samband við leitarstjóra. Samþykkt samhljóða.

3. 1509020 - Ábending frá Fjórðungssambandi Vestfjarða við fjárhagsáætlunargerð 2016.

Erindinu vísað til fjárhagsáætlanagerðar. Samþykkt samhljóða.

4. 1509021 - Erindi frá fjárlaganefnd Alþingis, varðandi fundi með sveitarstjórnnum haustið 2015.

Sveitarstjóra falið að bóka fund með fjárlaganefnd. Samþykkt samhljóða.

5. 1509022 - Tilnefning til hvatningarverðlauna 2015.

Sveitarstjórn tilnefnir Guðjón Sigurðsson, formann MND félagsins og MS félagið vegna þeirra framlags til heilla fyrir sína félagsmenn. Samþykkt samhljóða.

6. 1509023 - Tjón á trjám vegna framkvæmda við hitaveitulögn

Sveitarstjóra falið að ræða málið við framkvæmdastjóra Skjólskóga.

Samþykkt samhljóða.

7. 1509024 - Kauptilboð Tálknafjarðarhrepps í fasteignina Strandgata 38.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu (KHM)

8. 1509025 - Auglýsing umsóknar um byggðakvóta fiskveiðársins 2015/2016.

Samþykkt samhljóða að sækja um byggðakvóta.

9. 1509026 - Erindi frá stjórn Ofanflóðasjóðs

Lagt fram til kynningar.

10. 1509028 - Tekjuáætlun 2016.

Tekjuáætlunin rædd og síðan borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

11. 1508037 - Viðauki við fjárhagsáætlun.

Afgreiðslu frestað.

12. 1509027 - Bréf vegna móttökuáætlana sveitarfélaga vegna innflytjenda.

Bréfritara þökkuð ábendingin, sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hefja vinnu við stefnumótum í málefnum innflytjenda.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram: Sveitarstjórn lýsir yfir vilja til að taka á móti flóttamönnum. Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn á móti ÁJ.

Ásgeir Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Undirritaður hafnar tillögu þess efnis að sveitarfélagið Tálknafjörður lýsi sig tilbúið til að taka á móti flóttafólki, þar sem grunnstoðir sveitarfélagsins eru engan veginn í stakk búnar til þess að veita flóttafólki þá aðstoð sem til þarf. Fyrir fundinum liggur bréf frá fjölmeningarsetri með spurningalista í 7 liðum og því miður er svarið við öllum liðunum nei. Því tel ég ekki tímabært að lýsa yfir vilja til að taka á móti flóttafólki.

13. 1509034 - Fjórðungsping 2015. Tilnefning fulltrúa Tálknafjarðarhrepps.

Sveitarstjóra falið að ganga frá kjörbréfum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.45.
